

Birkir Þór Guðmundsson
Drafnargata 7.
425 Flateyri
Flateyri

Borgarnes, 15. maí 2020
Tilvísun: 2020010037
oök/
Tilv. ykkar:

Efni: Héraðsvegur að Hóli á Hvilftarströnd

Vegagerðinni hefur borist umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Hóli á Hvilftarströnd, dags. 26.3.2020. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem fram kemur að:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að hýlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Lagt hefur verið mat á umsóknina og hefur Vegagerðin ákveðið að fallist verði á beiðni um nýjan héraðsveg að bæjarstæðinu Hóli, þegar neðangreind skilyrði verða uppfyllt. Rétt er að taka fram að endanleg ákvörðun um legu vegar er í höndum Vegagerðarinnar. Einnig er rétt að taka fram að héraðsvegur skal aldrei ná nær býli, atvinnufyrirtæki eða öðrum slíkum stöðum en 50 m ef hann endar þar, sbr. c. lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga.

Samkvæmt upplýsingum umsækjanda er fyrirhugað að byggja íbúðarhús að Hóli og liggja því ekki fyrir, á þessu stigi máls, vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu og staðfesting sveitarfélags á því að skilyrði um fasta búsetu sé uppfyllt en slíkt er forsenda fyrir því að vegur sé tekinn í tölu héraðsvega. Að verki loknu skal verkið tekið út af hálfu Vegagerðarinnar en slík úttekt er forsenda fyrir því að vegurinn verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur. Þegar skilyrði um fasta búsetu og lögheimili eru uppfyllt verður vegur færður inn á vegaskrá. Vakin er athygli á því að vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun, sbr. 1. mgr. 28. gr. vegalaga.

Vegagerðin hefur útbúið kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina á grundvelli þeirra gagna sem lögð voru fram af þinni hálfu um verkið. Áætlunin gerir ráð fyrir heildarkostnaði upp á 2.000.000 kr. m.v. nýlögð 250 m kafla. Vegagerðin mun endurgreiða helming af kostnaði vegna vegarins, sbr. 20. gr. laga nr. 80/2007, og er heimilt að láta uppjör fara fram skv. framlögðum reikningum fyrir útlögðum kostnaði, þegar umsækjandi hefur uppfyllt skilyrði vegalaga um lögheimili og fasta búsetu/starfrækslu atvinnufyrirtækis. Vegagerðin áskilur sér þó rétt til að hafna greiðslu skv. framlögðum reikningum ef fjárhæð þeirra er umfram kostnaðaráætlun

Vegagerðarinnar. Skal uppgjör þá fara fram á grundvelli framlagðrar kostnaðaráætlunar Vegagerðarinnar nema sýnt verði fram á að með fullnægjandi hætti að umfram kostnaður hafi verið óhjákvæmilegur.

Rétt er að taka fram að umsókn þín er samþykkt með þeim fyrirvara að endurgreiðsla helmings kostnaðar fari í fyrsta lagi fram þegar fengist hefur fjárveiting til verksins innan Vegagerðarinnar og skilyrði laganna um fasta búsetu og lögheimili hefur verið uppfyllt. Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar frestar þó ekki færslu vegarins inn á vegaskrá þegar skilyrði laganna eru uppfyllt líkt og að framan greinir.


Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Í því sambandi skal bent á að hafi umsækjandi þegar látið byggja veg, eða hafið vegaframkvæmdir án leyfis og samráðs við Vegagerðina er Vegagerðinni heimilt að hafna umsókn þrátt fyrir að skilyrði héraðsvegar kunni að vera uppfyllt.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,


Omar Örn Kristófersson

VEGSTÆÐI M1:2000



HNITASKRÁ

	NORÐUR	AUSTUR	SKÝRING
P01	623227.13	298113.99	TENING VÍÐ VEG
P02	623317.89	289172.45	
P03	623375.69	289210.89	
P04	623386.25	298212.11	
P05	623392.94	298210.51	
P06	623396.85	298207.79	
P07	623406.57	298196.37	BÆJARHLAÐ

ÁRITUN BYGGINGARFULLTRÚA

HÖNNUNARSTJÓRA: KT.
 SÉRUPPRÁTTUR ER Í SAMRÆMI VÍÐ AÐALUPPDRETTI. DAGS.ÚTG.
 VERKNR:

VEGSTÆÐI M1:5000



VEGSTÆÐI M1:20000



NR.	DAGS.	LYSING	
 HÓLL Í ÖNUNDAFIRÐI			
VESTÆÐI LÓÐARBLAÐ AFSTÖÐUMYNDIR OG HNITASKRÁ			
SAMPYKKT: KT.			
HÖNNUÐUR	YFIRFARID	DAGS. ÚTG.	DAGS. BREYTT.
MHÁ	BþG	29.03.20	
MKV. (A1)	VERKNR.	TEKNN. NR.	BREYTT.
1:2000/1:5000/1:20000			
<small>Ferill ehf. Mörkin 1. 108 Reykjavík. Sími: 575 1600 www.ferill.is</small>			